

Nr. 022 / 09 Ramóna ÍS 190**Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1900
Smíðaður: Röðskær Noregi 1988 plast
Stærð: 21,9 brl. 22 bt.
Mesta lengd: 13,44 m Skráð lengd: 84,3 m
Breidd: 3,95 m Dýpt: 2 m
Vél: Scania 187 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 3



Ramóna ©Guðmundur ST. Valdimarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. febrúar 2009 var Ramóna ÍS 190 á línuveiðum um 8 sml. vestur af Rit. Veður: SV 8 m/sek.

Verið var að andæfa við línudráttinn þegar skiptiskrúfan fór skyndilega í afturábak og festist. Vélin var stöðvuð og við lauslega athugun kom í ljós að bilun var í færslu skrúfublaðanna í gírnum.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð björgunarskipisins Gunnars Friðrikssonar sem dró Ramónu ÍS til Ísafjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að splitthringur (fjaðrahringur) við skiptiskrúfu klofnaði í tvennt og við það urðu skrúfublöðin óvirk. Hringurinn fellur í rennda rauf og er til varnar því að ró ofar á skiptiteini losni af og teinninn renni úr. Þegar hringurinn klofnaði losnaði róin;
- að eðlilegt er að skrúfublöðin fari í afturábak þegar þetta gerist;
- að sett var auka ró til öryggis eftir atvikið;
- að gírin var allur tekinn í gegn tæpu ári áður en þetta gerðist.

Nefndarálit:

Orsök þess að skiptingin varð óvirk var að splitthringur gaf sig.